


FNJÓSKÁ 1991

Tumi Tómasson

Hólum, september 1991

VMST-N/91012X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

FNJÓSKÁ 1991

Tumi Tómasson

Hólum, september 1991

VMST-N/91012X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD

Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

FNJÓSKÁ 1991

INNGANGUR

Árleg athugun á seiðastofnum Fnjóskár var gerð 14. ágúst 1991. Alls var rafveitt á 10 stöðum. Sumarið 1990 var engum laxaseiðum sleppt í Fnjóská. Í júlí 1991 var sleppt um 15000 småseiðum frá þjóðvegsbrúnni og fram undir Illugastaði, með landinu að austan. Ekki hafa borist nema þrjú hreistursýni af löxum veiddum 1991 og verður því að bíða þar til síðar að gera ítarlega grein fyrir veiðinni 1991.

NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐA

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman á Töflum 1 og 2 og Myndum 2 og 3. Seiðin sem veiddust, og einkum þá laxaseiðin, voru sérstaklega væn, sem má m.a. rekja til mjög hagstæðs tíðarfars s.l. sumar. Þess ber líka að geta að árgangurinn sem klaktist út vorið 1987 (hrygning 1986, 3+ 1990) hefur verið ríkjandi í ánni á undanfórnum árum og hann hefur að mestu leyti gengið til sjávar s.l. vor. Þau seiði af þessum árgangi sem eftir urðu í ánni voru flest kynþroska seiðahængir sem e.t.v. munu ganga til sjávar næsta vor. Aðalframleiðslan næsta vor verður af neðri hlutum árinna. Þó er töluvert af sleppiseiðum sem væntanlega munu halda til sjávar af efri hlutum árinna. Ég á von á að gönguseiðaframleiðslan verði mun minni á næsta ári en þessu, en hún ætti samt að verða meiri en á síðastliðnum árum, að árinu 1991 undanskildu.

Småseiðasleppingin 1991 virðist hafa komið vel út og til að viðhalda sámilegri gönguseiðaframleiðslu í Fnjóská, einkum fyrir framan þjóðvegsbrúna, þarf greinilega að stunda nokkuð reglulegar seiðasleppingar. Að þessu sinni fundust þó

náttúruleg vorgömul seiði á stað 7a (Systragil) og gæti það bent til að þessi árgangur nái meiri útbreiðslu um ána en árgangar undanfarinna ára. Ég legg því til að á næsta ári verði aðallega sleppt framantil í ánni, frá veiðistað 2 eða svo (sjá Mynd 1) og niður fyrir Steinkirkju (staður 6) og að ekki verði sleppt nema í mesta lagi tveimur seiðum á hverja þrjá lengdarmetra við bakkann. Þéttar sleppingar skila tiltölulega miklu lakari árangri en gisnar og uppeldissvæðin í Fnjóská eru stór.


Þau þrjú hreistursýni sem hafa borist hingað til eru öll af smálöxum. Einn veiddist frammi í Bakkaá og hafði sá sloppið úr eldi. Hinir tveir, veiddir í Bakkabreiðu og Kvíslardjúpi voru báðir úr náttúruklaki og höfðu dvalist 3 og 4 ár í ánni áður en þeir gengu út. Þótt ekki sé hægt að draga víðtækar ályktanir af svo fáum sýnum virðist sem klakárgangurinn frá 1987 sé farinn að koma inn í veiðina. Búast má við verulega aukinni laxgengd í Fnjóská næsta sumar.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri í Fnjóská 14. ágúst 1991.

Stöð nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+/4+
1	70x8	-	-	0.4	-
4	40x15	-	-	-	0.3
7a	60x10	0.5	-	1.2	-
8	70x12	1.8	-	0.4	0.5
9	60x15	-	0.4	0.7	0.4
10a	40x20	-	1.4	0.9	1.6
11	65x10	-	2.9	0.2	0.3
12	60x10	0.2	0.8	-	3.2


Tafla 2. Fjöldi veiddra bleikjuseiða eftir aldri í Fnjóská 14. ágúst 1991.

Stöð nr	Stærð m ²	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²		
		0+	1+	2+
1	70x8	1.4	0.7	0.2
2	60x10	0.5	0.2	1.2
4	40x15	0.5	2.2	0.3
6	60x8	1.3	3.3	-
7a	60x10	2.7	0.8	-
8	70x12	2.5	1.4	0.1
9	60x15	1.2	1.8	-
10a	40x20	2.0	3.1	0.1
11	65x10	2.0	3.2	0.2
12	60x10	1.2	1.7	-




Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fnjóská

FJÖLDI



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fnjóská 14. ágúst 1991. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.

FJÖLDI



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnijská 14. ágúst 1991. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1.